

4. Fundur

Haldinn að Hótel Borg, þriðjudaginn 21. júlí 1964, kl. 3 e.h.

Fundinn sátu Lúðvíg Hjálmtýsson formaður, Albert Guðmundsson varaformaður, Ágúst Hafberg, Lárus Ottesen, Pétur Daníelsson, Sigurður Magnússon, Sigurlaugur Þorkelsson.

Fundarritari var Lárus Ottesen.

Formaður setti fundinn og lagði í fundarbyrjun fram bréf frá Þorvaldi Guðmundssyni Háuhlíð 12, Reykjavík, stílað til Ferðamálaráðs.

Í bréfi þessu skýrir Þorvaldur frá því að hann hafi í smíðum hótélbyggingu að Bergstaðastræti 37. Þar eigi að vera 30 tveggja manna herbergi og 6 einsmanns herbergi auk þess verður á götuhæð veitingasala fyrir 60 manns.

Þorvaldur telur bygginguna verða tilbúna í janúar n.k. og muni kosta ca kr. 10 milljón. Þegar sé byggingarkostnaður orðinn kr. 3,2 milljónir en lán það sem Þorvaldur sækir um til Ferðamálaráðs til þess að ljúka byggingunni ásamt innréttingum og búnaði er kr. 3.3 milljónir. Samþykkt var að formaður svaraði bréfi Þorvaldar og skýrði honum frá að þar sem ekki væri búið að stofna Ferðamálasjóð eða setja reglur um hann gæti Ferðamálaráð ekki tekið afstöðu til þessarar umsóknar að svo komnu máli.

Þá var formanni einnig falið að svara á sama hátt öðrum lánsbeiðnum er Ferðamálaráði hafa borist.

Albert Guðmundsson benti á að rétt væri að númera umsóknir um lán í þeirri röð sem þær berast ráðinu. Og var það samþykkt samhljóða.

Formaður hóf næst umræður um lántöku á 20 milljón krónum til Ferðamálasjóðs. Gat hann þess að hann hefði ætlað að tala við bankastjóra Framkvæmdabankans en hann yrði ekki við fyrr en í næstu viku. Þá skýrði hann frá samtali sínu við Gísli Sigurbjörnsson forstjóra um möguleika á því að Gísli útvegaði sjóðnum erlent lán og kvað Gísli það geta komið til greina einnig var rætt um að fá lánstilboð frá fleiri aðilum. Um þessa lántöku urðu nokkrar umræður.

Formanni var falið að tala við bankastjóra Seðlabanka Íslands, Framkvæmdabanka Íslands og Gísli Sigurbjörnsson um væntanlegar lántökur sem var samþykkt samhljóða.

Því næst sagði formaður frá því að hann ásamt Ágústi Hafberg, Þorleifi Þórðarsyni og Gunnari Thordarsyni fulltrúa í Búnaðarbankanum hefðu gert frumdrög að reglugerð um Ferðamálasjóð samkvæmt samþykkt síðasta fundar og bað hann Ágúst Hafberg að skýra það mál. Ágúst Hafberg las ofannefnd frumdrög og afhenti fundarmönnum afrit af þeim, um þetta urðu miklar umræður og skýrði Ágúst ítarlega hverja grein útaf fyrir sig og fylgir hér með afrit af reglugerðinni með tveim aðalbreytingum er gerðar voru á fundinum. Í umræðum þessum kom fram að æskilegt væri að Ferðamálaráð starfaði sem sjálfstæðast að lánveitingum úr Ferðamálasjóði. Þá var talað um þá möguleika að afla Ferðamálaráði tekna með því að vextir af útlánum úr Ferðamálasjóði væru hærri en af lánum sem sjóðurinn tekur, tekjur þessar ætti að nota til rekstrarkostnaðar ráðsins og til annarra greiðslna er ráðið þyrfti að inna af hendi. Einnig var rætt um að af erlendum lánum er ráðið tekur þyrfti útlán að vera gengistryggð, þannig að lántakendur úr Ferðamálasjóði tækju á sig áhættu af gengisfellingum.

Samþykkt var að formaður ásamt Ágústi Hafberg og Þorleifi Þórðarsyni töluðu um þetta við samgöngumálaráðuneytið og legðu fyrir það framangreinda reglugerð.

Albert Guðmundsson óskaði eftir að flýtt yrði að mótmæla 25 kr. gjaldi að vínveitingastöðum. Sigurður Magnússon óskaði eftir að lagt yrði fyrir næsta fund bréf um þetta efni.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 5 e.h.